

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,**  
**Gylfaflöt í Grafarvogi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. apríl 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að um 3 ha opið svæði til sérstakra nota við Hallsveg, sunnan núverandi athafnasvæðis við Gylfaflöt, breytist í athafnasvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. apríl 2008.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Logi Kjartansson.*